

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1999

20. september 1999

1786

Nr. 606

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir í loðnunótum.

1. gr.

Við mælingu möskvastærðar í loðnunótum skal miðað við fjölda möskva á alin, sem telst 62,7 sm. Hámarksfjöldi möskva á alin í loðnunótum sem heimilt er að nota til loðnueiða er þessi:

1. Séu möskvar nótarinnar ferhyrmdir skulu ekki vera fleiri en 32 möskvar á alin.
2. Séu möskvar nótarinnar sexhyrmdir skulu ekki vera fleiri en 25 möskvar á alin. Við talningu á sexhyrndum möskvum telst einn möskvi vera möskvi að viðbættum legg að næsta möskva.

2. gr.

Þegar fjöldi möskva á alin er mældur skal möskvinn teygður horna á milli eftir lengd netsins. Reglugerð nr. 24, 15. janúar 1998 um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga gildir um mælingar á möskvum í loðnunótum, eftir því sem við á.

3. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 313, 1. júní 1994, um lágmarksmöskvastærðir loðnúnóta.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. september 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.